

fullu. Krafa stefnda um frádrátt á ritlaunum vegna lagfæringar handrits stefnanda þykir ekki fá samrýmt framangreindri viðurkenningu, og verður þeirri kröfu því ekki sinnt. Að ósk stefnda voru dómkvaddir tveir menn til þess að meta hæfileg ritlaun til handa stefnanda fyrir þækurnar. Í matsgerðinni, sem dagsett er 5. apríl 1948, telja þeir kr. 500.00 hæfileg ritlaun fyrir hverja lesmálsörk. Með hliðsjón af mati þessu þykir ritlaunakröfu stefnanda fyrir bókina „Inkarnir í Perú“, sem aðiljar telja vera 19 lesmálsarkir, svo í hóf stillt, að taka beri hana að fullu til greina. Úrslit þessa máls verða þá þau, að taka ber kröfur stefnanda til greina að öllu leyti, og þykir málskostnaður honum til handa hæfilega ákveðinn kr. 1800.00.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, greiði stefnanda, Sigurgeiri Einarssyni, kr. 11.500.00 með 6% ársvöxtum frá 6. september 1947 til greiðsludags og kr. 1800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. desember 1952.

Nr. 134/1949. **Hrímfaxi h/f og Sviði h/f** (Lárus Jóhannesson)
gegn

Síldarverksmiðjum ríkisins

(Einar B. Guðmundsson).

Setudómarar próf. Ármann Snævarr
og próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd.
Árna Tryggvasonar og hrd. Jónatans
Hallvarðssonar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. september 1949, krefjast þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim kr. 274.239.64 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. marz 1948 til greiðsludags. Til vara krefjast þeir þess, að stefnda verði dæmt að greiða þeim kr. 177.280.04, en til þrautavara kr. 101.056.96, hvort tveggja ásamt vöxtum, eins og áður greinir. Loks krefjast þeir máls-

kostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi stefnda eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur stefndi greitt áfrýjendum fjárhæð þá, sem þeim var þar dæmd, og veittu áfrýjendur henni móttöku með áskilnaði um áfrýjun dómsins. Þá hafa báðir aðiljar lagt fram nokkur ný gögn í málinu hér fyrir dómi.

Aðilja greinir m. a. á um það, hvort samkomulag þeirra um síldarflutninga þá, sem mál þetta er risið af, hafi komið á fyrir milligöngu Landssambands íslenskra útvegsmanna, sem annaðist afgreiðslu flutningaskipanna fyrir stefnda, og þá með þeim skilmálum í samningi stefnda og Landssambandsins, dags. 11. nóvember 1947, sem raktir eru í héraðsdómi, eða með beinum viðræðum milli aðilja þessa máls. Er þetta atriði ósannað í málinu. En hvort sem verið hefur, verður að gera ráð fyrir, að áfrýjendum hafi verið kunnir skilmálar þessir og að þeir giltu um flutningana yfirleitt, enda var einn af stjórnendum Hrímfaxa h/f einnig í stjórn Landsambandsins. En Hrímfaxi h/f annaðist útgerð skipsins f. h. áfrýjenda. Þar eð áfrýjendur hafa ekki sýnt fram á, að um annað hafi verið samið sérstaklega milli þeirra og stefnda, verður að leggja skilmála þessa til grundvallar um skipti aðilja. Leiðir af þessu, að stefnda var rétt að reikna hvert mál síldar 150 lítra, svo sem segir í framangreindum samningi, en ekki 135 kg, eins og áfrýjendur halda fram.

Áfrýjendur halda því annars vegar fram, að þeir eigi kröfu til meira farmgjalds en stefndi hefur reiknað þeim. Þar eð þeir reisa kröfu þessa á því, að farmgjaldið beri að miða við 135 kg mál, á hún samkvæmt framansögðu eigi við rök að styðjast, enda hafa þeir eigi haldið því fram, að e/s Hrímfaxi hafi skilað til Siglufjarðar meira magni en stefndi telur, miðað við 150 lítra mál. Ber því að sýkna stefnda af kröfu áfrýjenda um greiðslu farmgjalds umfram það, sem stefndi hefur þegar innt af hendi.

Þá halda áfrýjendur því fram, að raunveruleg rýrnun síldar þeirrar, sem e/s Hrímfaxi flutti til Siglufjarðar, hafi ekki

verið eins mikil og talið er í reikningi stefnda, og að þeim beri ekki að greiða stefnda endurgjald fyrir meiri rýrnun en varð í raun og veru. Er það eðlilegur skilningur á áðurgreindum samningi, og verður því við það að miða.

Mismun þann, sem talinn er hafa verið á magni því, er mælt var í e/s Hrímfaxa í Reykjavík og mældist upp úr skipinu á Siglufirði, telja áfrýjendur að nokkru leyti stafa af mismunandi aðferðum við mælingu í skipið og úr því. En í 7 síðustu ferðum skipsins og að nokkru leyti í 3 fyrri ferðum þess var vegið í skipið í Reykjavík, og þá miðað við, að 135 kg færu í hvert mál síldar, en mælt upp úr því á Siglufirði og miðað við 150 l mál. Telja áfrýjendur sig hafa beðið halla af þessu. Því til stuðnings skírskota þeir til skoðunargerðar þeirrar, sem fram fór á Siglufirði 14. desember 1947 og frá er skýrt í héraðsdómi. En meðalþungi hvers síldarmáls í þeim 6 mælikerum, sem þá var vegið úr, reyndist 148,67 kg. Reisa áfrýjendur aðalkröfu sína um þenna þátt málsins á því, að leggja beri þessa þyngd til grundvallar um hvert mál síldar, sem mælt var úr e/s Hrímfaxa, á meðan hann var í umræddum síldarflutningum. En svo sem segir í héraðsdómi, er eigi unnt að fallast á þetta, þar eð skoðunargerðin náði einungis til örfárra síldarmála úr einum farmi skipsins. Verður aðalkrafa áfrýjenda því ekki tekin til greina, að því er varðar rýrnun síldarinnar.

Varakröfu sína reisa áfrýjendur á því, að rýrnun á því síldarmagni, sem fermt var í e/s Hrímfaxa í Reykjavík, beri að miða við meðalrýrnun síldar hjá öllum flutningaskipunum í þeim ferðum, þegar vegið var úr þeim á Siglufirði. Er hún talin 5,6%. Á þetta sjónarmið verður ekki fallizt, þegar sakir þess að ekki verður ætlað, að sömu ástæður liggi til grundvallar rýrnun síldarinnar hjá öllum flutningaskipunum. Verður varakrafan því ekki heldur tekin til greina.

Þrautavarakrafa áfrýjenda er studd þeim rökum, að mismunandi aðferðir við ákvörðun síldarmagns við fermingu í Reykjavík og affermingu á Siglufirði hafi valdið því, að rýrnun síldarinnar hafi verið reiknuð meiri en reynzt mundi hafa, ef sama aðferð hefði verið notuð á báðum stöðum. Miða þeir fjárhæð þrautavarakröfunnar við mismuninn á meðaltali

rýrnunar hjá flutningaskipunum yfirleitt, annars vegar þegar mælt var úr þeim á Siglufirði og hins vegar þegar vegið var úr þeim. En samkvæmt reikningi kunnáttumanns var rýrnunin yfirleitt miklu minni, þegar vegið var úr skipunum. Svo sem um varakröfuna greinir, þykir ekki unnt að miða rýrnun þeirrar síldar, er e/s Hrímfaxi flutti, við rýrnun hjá hinum flutningaskipunum. En sé samanburður gerður á ferðum e/s Hrímfaxa sjálfs, kemur í ljós, að meðalrýrnun hefur samkvæmt reikningi kunnáttumanns verið 10,3%, þegar síldin var mæld bæði við fermingu og affermingu, en 12,3%, eða nærri 20% meiri rýrnun, þegar vegið var í skipið í Reykjavík, en mælt úr því á Siglufirði. Bendir þetta ásamt skoðunargerð þeirri, sem áður greinir, ákveðið í þá átt, að áfrýjendur hafi beðið halla af því, þegar síldin var vegin við fermingu, en mæld, er affermt var. Í sömu átt bendir það, að rýrnun er talin minnst, eða 6,7%, í 2. ferð skipsins, en þá var mælt í það í Reykjavík, en vegið úr því á Siglufirði. Þá ber og á það að líta, að leitt er í ljós, svo sem áður segir, að rýrnunin virðist miklu minni hjá flutningaskipunum yfirleitt, þegar vegið var úr þeim en þegar mælt var úr þeim. Þykir því sýnt, að áfrýjendur hafi beðið halla af því, þegar vegið var í e/s Hrímfaxa í Reykjavík, en mælt úr honum á Siglufirði. Þegar þess er enn fremur gætt, að ákvæði flutningssamningsins um, að farmflytjendur skyldu greiða fullu verði þá rýrnun, sem yrði á síldinni í flutningunum, er bæði óvenjulegt og óeðlilegt, þykja áfrýjendur eiga rétt til nokkurrar greiðslu úr hendi stefnda sökum þess, að rýrnun á síldinni hafi verið ofreiknuð.

Um fjárhæð greiðslunnar þykir aðallega verða að styðjast við mismun þann, er taldist á rýrnun hjá e/s Hrímfaxa, annars vegar í þeim ferðum, þegar vegið var í skipið, en mælt úr því, og hins vegar þeim ferðum, þegar mælt var á báðum stöðum. Samkvæmt því þykir fjárhæð greiðslunnar hæfilega ákveðin kr. 25.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. marz 1948 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjendum samtals kr. 5000.00 upp í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Stefndi, Síldarverksmiðjur ríkisins, greiði áfrýjendum, Hrímfaxa h/f og Sviða h/f, kr. 25.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. marz 1948 til greiðsludags og samtals kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 2. júlí 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. f. m., hafa hlutafélögin Hrímfaxi og Sviði í Hafnarfirði höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Siglufjarðar með stefnu, útgefinni 22. júní 1948, gegn Síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði. Hinn 18. september s.l. var málið flutt fyrir sjó- og verzlunardóm Reykjavíkur með samkomulagi málsaðilja. Í stefnu hafa stefnendur gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 288.746.54 auk 6% ársvaxta frá 22. marz 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins gerðu stefnendur þá varakröfu, að stefndi yrði dæmdur til þess að greiða kr. 191.786.94 og til þrautavara kr. 115.563.86 ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og í stefnukröfu greinir.

Stefndi hefur krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 14.506.90 án vaxta. Þá krefst hann þess, að stefnendur verði in solidum dæmdir til greiðslu málskostnaðar eftir mati dómsins. Loks mótmælir hann sérstaklega, að vextir af hinni viðurkenndu fjárhæð verði reiknaðir nema frá stefnudegi.

Málavextir eru þeir, að þegar hin mikla síldveiði hófst í Hvalfirði fyrri hluta vetrar 1947, þótti rétt, að hafizt yrði handa um að koma síldinni norður til Siglufjarðar til bræðslu, til þess að nýting síldaraflans yrði sem bezt. Gerðu stjórnir Síldarverksmiðja ríkisins og Landssambands Íslenzkra útvegsmanna þá með sér samning þess efnis, að L.Í.Ú. tæki að sér að sjá um síldarflutninga frá Reykjavík á vegum stefnda gegn ákveðinni þóknun fyrir afgreiðslustörf. Í 3. grein samnings þessa er svo ákveðið, að stefndi greiði 18 krónur í flutningsgjald fyrir hvert mál, þ. e. 150 lítra, mælt í affermingarhöfn. Rýrnun, sem verða kynni á síldinni við flutningana, skyldi greiðast af farmflytjendum til stefnda, og er sú skýring gefin á rýrnun í samningnum, að með henni sé átt við mismun á málatölu síldarfarms samkvæmt mælingu í skip í Reykjavík og upp úr því á Siglufirði. Samkvæmt samningi átti stefndi að greiða veiðiskipum kr. 32.00 fyrir mál, þ. e. 150 lítra, komið í flutningaskip, og rýrnun hjá flutningaskipum átti að greiðast sama verði. Um miðjan nóvember 1947 var flutningsgjaldið hækkað í kr. 20.00 fyrir mál, en greiðsluskylda rýrnunar hjá farmflytjendum átti að haldast óbreytt. Eitt af þeim skipum, sem ráðið var til síldarflutninga, var e/s Hrímfaxi, eign stefnenda. Virðast tildrög til þess hafa verið þau, að hringt hafi verið í framkvæmdarstjóra stefnenda af hálfu L.Í.Ú. og þess farið á leit, að skipið tæki að sér síldarflutninga

til Siglufjarðar. Skip þetta var á þessum tíma aðgerðarlaust, og ákvað því útgerðarstjórn þess að taka þátt í sildarflutningunum.

Voru samningar um þá munnlegir, og um mörg atriði í sambandi við flutningana ekki rétt sérstaklega. Hófst ferming e/s Hrímfaxa hér í Reykjavík 6. nóvember 1947, og lagði skipið af stað í fyrstu ferð sína til Siglufjarðar 8. s. m. og kom þangað og byrjaði affermingu 12. s. m. Að aflokinni affermingu kom í ljós, að rýrnun farmsins nam 14.8%, en í þetta skipti virðist hafa verið mælt í og úr skipinu, en ekki vegið. Vegna þessarar miklu rýrnunar taldi útgerðarstjórn skipsins, að eitthvað væri bogið við mælingu síldarinnar á Siglufirði, sérstaklega vegna þess að minni rýrnun var á síld þeirra skipa, sem losuðu síld á bifreiðar og fengu hana vegna. Í næstu ferð skipsins var rýrnun þess ekki nema 6.7% og var þá vegið upp úr því á Siglufirði. Alls fór skipið 14 ferðir með síld, og var aldrei vegið úr því á Siglufirði nema í þetta eina skipti, en þá hafði verið mælt í skipið í Reykjavík. Í 4 ferðum var mælt í skipið í Reykjavík að öllu leyti og ýmist mælt eða vegið í 3 ferðum, en í öll hin skiptin vegið í Reykjavík. Hinn 9. desember 1947 ritaði framkvæmdarstjóri stefnenda stefnda bréf, þar sem farið er fram á, að farmflytjandi sé losaður við að greiða rýrnun á síld þeirri, sem flutt sé til Siglufjarðar. Byggja þeir kröfu þessa á því, að þótt síldin missi nokkuð vatn á leiðinni og léttist af þeim sökum, þá verði ekkert verðmætistap fyrir stefnda, svo og, að það sé vitað, að mæliker stefnda mæli meira en 135 kg, og sé því losuð raunverulega meiri síld en ef vegið væri úr skipunum. Þessu bréfi svaraði stefndi engu. Samkvæmt skoðunargerð, framkvæmdri 14. desember 1947, hafa 2 dómkvaddir menn vegið úr 6 mælikerum af síld, er e/s Hrímfaxi hafði flutt í 3. ferð sinni til Siglufjarðar. Segja matsmennirnir, að síldin, sem vegin var, hafi verið tekin ofarlega og neðarlega úr stórlest skipsins. Nemur meðalþungi hvers mælikers 297.33 kg síldar eða hvers síldarmáls 148.67 kg. Það er óumdeilt, að e/s Hrímfaxi fermdi í Reykjavík 63193.47 mál síldar til flutnings til Siglufjarðar. Stefnendur halda því nú fram og byggja á því aðaldómkröfu sína í stefnu, að þeir eigi rétt til flutningsgjalds og að rýrnun verði miðuð við mál síldar, að þyngd 135 kg. Vísa þeir í því efni til laga um vigt á síld nr. 36 frá 1930 og tilskipunar nr. 1 frá 1925. Krefjast stefnendur, að síldarmagnið og flutningsgjöldin verði miðuð við niðurstöðu ofangreindrar skoðunargerðar, en eftir henni telja þeir rýrnun síldar þeirrar, er þeir fluttu, vera réttilega talda 1722.96 mál. Eigi þeir því rétt til flutningsgjalds fyrir 4193.60 mál, sem greitt hafi verið með kr. 18.00 fyrir málið, og fyrir 57277.51 mál, er greitt hafi verið með kr. 20.00 fyrir málið, eða samtals kr. 1.221.036.00. Rýrnunin hafi numið kr. 55.115.52. Nemi því flutningsgjaldið kr. 1.165.919.48. Upp í þessi flutningsgjöld kveða stefnendur, að stefndi hafi greitt í reikningum og peningum kr. 877.172.94, og standi því dómkrafan eftir.

Varakröfuna reisa stefnendur á sömu rökum og aðalkröfuna í málinu að því viðbættu, að í stað niðurstöðu matsgerðarinnar er byggt á meðalrýrnun hjá síldarflutningaskipum í þeim ferðum, sem síldin var vegin úr þeim á Siglufirði. Hafa stefnendur þessu til stuðnings látið fara fram

útreikning sérfræðinga á meðalrýrnun síldarmagns hjá þeim skipum, sem vegið var úr á Siglufirði. Nemur meðalrýrnun þeirra eftir gögnum þeim, sem liggja fyrir, 5,6%, og miðast varakrafa stefnenda við mismuninn á því og þeirri rýrnun, sem stefndi telur hafa orðið hjá stefndum. Í þessari kröfugerð er þó önnur flutningsferð e/s Hrímfaxa reiknuð með sama hætti, sem stefndi gerir í reikningsuppgjöri, svo sem og er gert í aðalkröfugerð málsins, enda var, eins og áður er sagt, vegið úr skipinu á Siglufirði í þessari ferð.

Loks reisa stefnendur þrautavarakröfu sína á því, að farmflytjandi eigi undir engum kringumstæðum að greiða nema raunverulega rýrnun, en með hvorri aðferðinni, sem notuð sé, mælingu eða vog, verði rýrnun ekki reiknuð rétt, nema sama aðferð sé notuð við mælingu við fermingu og affermingu.

Stefndi hefur mótmælt því, að vara- og þrautavarakrafa stefnenda komist að í málinu, þar sem ástæðna til þeirra sé ekki getið í stefnu eða greinargerð. En ljóst virðist liggja fyrir, að kröfur þessar eru byggðar á sömu ástæðu og aðaldómkrafa stefnenda, þeirri, að mælt hafi verið úr skipi stefnenda á Siglufirði með öðrum hætti en rétt var. Verður því að telja, að þessar kröfur geti komizt að í máli þessu.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnendur eins og aðrir flytjendur síldar séu bundnir við ákvæði 3. gr. áðurgreinds samnings milli stefnda og L.Í.Ú. Í þessu samningsákvæði sé skýrt tekið fram, að miða skuli flutningsgjald fyrir eitt mál síldar við 150 lítra. Telur stefndi, að stefndum hafi verið kunnugt um þessi kjör, er þeir tóku að sér síldarflutninga, enda séu þeir meðlimir í L.Í.Ú. Þá hefði þeim verið frjálst að hætta við síldarflutninga, ef þeir hefðu ekki viljað sætta sig við sömu kjör og aðrir síldarflytjendur. Enn telur stefndi og leggur á það áherzlu, að lög um vigt á síld, sem áður eru greind, eigi ekki við um þau viðskipti, er hér skipta máli. Samkvæmt 1. málsg. 1. gr. laganna sé svo ákveðið, að öll síld, sem seld sé bræðsluverksmiðjum, skuli vegin, ef seljandi óski þess. Hér hafi ekki verið um sölu að ræða, heldur flutning. Þá sé ákvæði í 3. málsg. sömu greinar um, að eitt mæliker skuli rúma 135 kg af síld, miðað við sumarsíld, veidda fyrir Norðurlandi. Kunnugt sé, að sú síld sé mun feitari en Hvalfjarðarsíldin hafi verið, og eðlisþyngd norðansíldarinnar því að sama skapi minni.

Þá hefur stefndi mótmælt því, að vara- og þrautavarakrafa stefnenda séu á rökum reistar. Telur hann, að ekki sé hægt að byggja útreikninga á grundvallartölum þeim, sem útreikningarnir byggist á. Oft hafi verið vegið og mælt í sama skip og úr því, ferðir þessar hafi tekið misjafnlega langan tíma, skipin hafi verið misjafnlega stór og lent í ýmsum veðrum, en sérstaklega þrjú síðastgreind atriði geti haft áhrif á rýrnun síldarinnar.

Það verður að fallast á það hjá stefnda, að ákvæði 1. greinar laga nr. 36 frá 1930 eigi ekki við um málefni það, sem hér um ræðir, og ekki verði lögjafnað frá ákvæðum þessum til þess. Þá verður að gera ráð fyrir því, að stefndum hafi verið kunnug kjör þau, sem um síldarflutningana

norður giltu og sildarflytjendur almennt virðast hafa sætt, en stefnendur eru meðlimir í L.Í.Ú., og gátu stefnendur þess vegna ekki búizt við, að þeir sættu betri kjörum en aðrir flytjendur sildar. Loks verður ekki talið, að rýrnunarprósenta e/s Hrímfaxa við sildarflutningana sé svo há, borið saman við önnur skip, en um rýrnunarprósenta yfirleitt virðast liggja fyrir tæmandi upplýsingar, að rangri mælingu sildar sé til að dreifa. Þá er og þess að gæta, að ekki verður byggt á skoðunargerð þeirri, er fram fór á Siglufirði og áður er um getið, þar sem aðeins var þar vegið úr 6 mælikerum eða 12 málum sildar úr einum farmi e/s Hrímfaxa, en, eins og áður er getið, var sildarmagn það, sem skipið tók til flutnings, rúmlega 63 þúsund mál sildar. Ber því aðeins að dæma stefnendum hina viðurkenndu upphæð, kr. 14.506.90, ásamt 6% ársvöxtum frá kröfudegi, 22. marz 1948, til greiðsludags svo og málskostnað, þar sem fjárhæð þessi hefur ekki verið boðin fram skilyrðislaust. Þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 1550.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Jóni A. Péturssyni forstjóra og Sveini S. Einarssyni verkfræðingi.

Vegna mikilla anna við borgardómaraembættið og þar sem málið er allviðamikil, hefur dómur í máli þessu eigi orðið kveðinn upp fyrir.

Dómsorð:

Stefndi, Sildarverksmiðjur ríkisins, greiði stefnendum, Hrímfaxa h/f og Sviða h/f, kr. 14.506.90 með 6% ársvöxtum frá 22. marz 1948 til greiðsludags og kr. 1550.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. desember 1952.

Nr. 168/1952. **Brandur Brynjólfsson**
 gegn
Stefáni Valgeirssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Brandur Brynjólfsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.